

## Vinna og vellíðan ehf.

### Persónuverndarstefna

#### Tilgangur og lagaskylda.

Vinna og vellíðan ehf., leitast við að uppfylla þá persónuverndarlöggjöf sem er í gildi hverju sinni og eru reglur þessar byggðar á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (persónuverndarlög). Meðferð persónuupplýsinga skiptir Vinnu og vellíðan ehf., máli. Stefnan er birt á heimasíðu félagsins.

#### Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar í skilningi reglna þessara eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg geta ekki talist til persónuupplýsinga.

#### Persónuupplýsingar sem Vinna og vellíðan ehf., myndi safna og vinna.

Vegna ráðgjafar til fyrirtækja, stjórnenda, hópa og einstaklinga.

- Nöfn, kennitölur, tölvupóstföng, símanúmer, greiðsluupplýsingar, upplýsingar úr verkbeiðnum. Vegna athugana( vinnustaðgreininga, áhættumats, kvartana í gegnum Vellíðanarvaktina.)
- Nöfn, kennitölur, tölvupóstföng, símanúmer, greiðsluupplýsingar, upplýsingar úr viðtölum, niðurstöður athugana.

Vinna og vellíðan ehf., miðlar mögulega persónuupplýsingum til þriðja aðila sem veitir fyrirtækinu upplýsingaþjónustu og aðra þjónustu sem tengist vinnslu og er hluti af rekstri fyrirtækisins.

Vinna og vellíðan ehf., gerir viðeigandi ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar með því markmiði að koma í veg fyrir óleyfilegan aðgang að tölvukerfum fyrirtækisins þar sem persónuupplýsingar eru geymdar. Þar með vernda þær gegn því að þær glattist eða breyttist fyrir slysi og gegn því að þær verði afritaðar í óleyfi, notaðar eða miðlað til óviðkomandi aðila.

Það er mikilvægt að allar persónuupplýsingar sem Vinna og vellíðan ehf., hefur undir höndum séu réttar og viðeigandi.

Viðskiptavinir eða þeir einstaklingar sem Vinna og vellíðan ehf., hefur fengið skriflegt samþykki fyrir að mega vinna úr persónuupplýsingum eiga rétt á að fá staðfest hvort fyrirtækið vinni upplýsingar um þá, fá aðgang að þeim og upplýsingar um vinnslu þeirra. Aðgangur að persónuupplýsingum getur verið hafnað ef lög og reglugerðir kveða svo á um. Sá aðili innan Vinnu og vellíðanar sem hefur með persónuvernd að gera mun einnig geta veitt upplýsingar um rétt viðkomandi.

Vinna og vellíðan ehf., varðveitir persónuupplýsingar í samræmi við lög. Gögnin eru varðveitt svo lengi sem málefnanlegar ástæður eru til þess að gögnin séu varðveitt. Þegar sá tími er liðinn þá er gögnum eytt hvort sem á pappír eða í rafrænu skránnema um sérstaka varðveisluskyldu sé að ræða skv. lögum eða vinnslusamningi. Hægt er að eyða gögnum án tafar sé þess óskað nema að lög og reglugerðir komi í veg fyrir það.

Viðskiptavinir/einstaklingar eiga rétt á að fá þær persónuupplýsingar afhentar sem þeir hafa afhent og varða þá sjálfa og unnar eru á grundvelli samþykkis eða vinnslusamnings og eru í aðgengilegu formi. Viðskiptavinur / einstaklingur eða sá sem hefur gefið samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga getur ætíð dregið samþykki sitt til baka eða á annan hátt andmælt vinnslu upplýsinga.

Viðskiptavinir/ einstaklingar sem hafa gefið samþykki sitt til vinnslu persónuupplýsinga og hafa einhverjar spurningar vegna persónuverndarreglna þessara eða vinnslu persónuupplýsinga er bent á hafa samband við persónuverndarfulltrúa Vinnu og vellíðanar ehf. Sé ekki sátt um vinnslu persónuupplýsingar þá er hægt að senda erindi til Persónuverndar.

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð þegar ástæða er til vegna breytinga á lögum eða tilmælum stjórnvalda, eða annarra atvika.

Vinna og vellíðan ehf., hefur tilnefnt Kristínu Jóhannesdóttur, sem persónuverndarfulltrúa.